

Ágæti alþingismaður
Alþingi
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

7. nóvember 2022


Samtök náttúrustofa (SNS) hvetja Alþingi til að auka framlag til hvernar náttúrustofu um 6 milljónir á fjárlögum ársins 2023, líkt og gert var tímabundið í fjárlögum árin 2021 og 2022. Framlag til náttúrustofa er fjármunum vel varið, enda ávaxtast það strax um 30%, þar sem rekstrarsamningur sem gerður er við sveitarfélög kveður á um 30% mótframlag þeirra. Einnig bætir þetta aðstöðu stofanna til að taka að sér fleiri verkefni á sínum starfssvæðum, sem annars væru líklegri til að renna til stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Náttúrustofur hafa með störfum sínum sýnt að þær stuðla að auknum rannsóknum á náttúru og umhverfi í nærumhverfi sínu, þær auka atvinnutækifæri háskólamenntaðra, fjölga kvennastörfum á landsbyggðinni og stuðla að staðarvitund og náttúruvernd.

Mikill mannauður

Alþingi veitti hverri náttúrustofu 6 m.kr. aukafjárveitingu sl. tvö rekstrarár vegna COVID-19, m.a. til að ráða háskólamenntað starfsfólk til rannsókna á landsbyggðinni. Við þessa hækkun fjölgaði ársverkum verulega. Samkvæmt ársreikningum voru 38 stöðugildi á náttúrustofum árið 2021 og fjöldi starfsmanna var 53. Það er sambærilegur fjöldi og starfar á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Framlag í sögulegu lágmarki

Í fjárlögum ársins 2023 er gert ráð fyrir að þessi mikilvæga tímabundna fjárheimild falli niður. Þar með er gert ráð fyrir að framlag til náttúrustofa verði það lægsta frá upphafi! Þetta skýtur skökku við nú þegar loftslagsváin ógnar lífríki og mikilvægi náttúru- og umhverfisrannsókna hefur aldrei verið meira.



Mannauður náttúrustofa getur hjálpað til að við að ná markmiðum frumvarpsins

Markmið fjárlagafrumvarpsins 2023 er m.a. að efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga, en klárt er að mannauður náttúrustofanna gæti vel nýst í verkefni sem snúa að slíkum rannsóknum. Náttúrustofurnar eru líka mjög virkar í ýmsum rannsóknum sem snúa að líffræðilegri fjölbreytni en vinna við stefnumótun stjórnvalda í þeim efnum er nú hafin með birtingu Grænbókar um líffræðilega fjölbreytni.

Fjárveitingar til náttúrustofa eru góð fjárfesting

Náttúrustofurnar eru átta og dreifðar um land allt. Þær eru allar tilbúnar að taka áfram þátt í því verkefni að halda uppi atvinnustigi og auka fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni – bæði með því að verja núverandi störf og eins að bæta við starfsfólki til að takast á við þörf nútímans um auknar upplýsingar um náttúru og umhverfi.

Helstu kostir þess að styrkja rekstrargrunn náttúrustofa eru:

1) Áhrifin ná til landsins alls og háskólamenntuðum fjölga á landsbyggðinni

Náttúrustofur starfa í samfélögum þar sem fjölbreytni atvinnutækifæra er almennt lítil. Styrking náttúrustofa er jafnframt styrking fjölmargra samfélaga og veitir háskólamenntuðum tækifæri til starfa víða um land með tilheyrandi lífskjarasókn.

2) Fjárfesting í atvinnu og náttúrurannsóknum

Styrking náttúrustofanna er fjárfesting í atvinnutækifærum sem stuðla að auknum rannsóknum á náttúru landsins, sem aldrei hefur verið mikilvægara. Nær allt viðbótarfjármagn fer í launagreiðslur til vísindamanna.


3) Hagstætt kynjahlutfall

Kynjahalli hefur lengi verið ein helsta áskorun í byggðamálum. Hlutföll kynja hafa verið nokkuð jöfn á náttúrustofum undanfarin ár.

4) Þekking nýtt til atvinnuuppbyggingar og auðlindastýringar

Aflað verður þekkingar sem getur í sumum tilfellum nýst til atvinnuuppbyggingar, t.d. í ferðaþjónustu, landnotkun og auðlindanýtingu, sem og ákvarðanatöku þegar kemur að vernd og nýtingu náttúrunnar.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Kristín Ágústsdóttir, formaður SNS 2022